



Reykjavík, 29. nóvember 2021  
PON21110087

Til Borgarráðs  
Ráðhús Reykjavíkur

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bið vegna innleiðingar rafrænna undirritana – R21110096.***

Vísað er til bréfs, dagsett 11. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um upplýsingar er varða innleiðingu rafrænna undirritana.

Virðingafyllst,

Arna Ýr Sævarsdóttir  
Skrifstofustjóri Þjónustu og umbreytinga

Friðþjófur Bergmann  
Skrifstofustjóri Upplýsingatæknipjónustu

## SVAR

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga og Friðþjófur Bergmann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

---

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bið vegna innleiðingar rafrænna undirritana – R21110096.***

Á fundi borgarráðs þann 11. nóvember 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn, sbr. 31. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Fulltrúi Flokks fólksins spyr af hverju einföld lausn til þess að starfsfólk borgarinnar geti sent rafræn skjöl til undirritunar sé ekki fyrir löngu komin í allar deildir/svið borgarinnar? Fulltrúi Flokks fólksins veit að Barnavernd Reykjavíkur hefur notað rafrænar undirskriftir á mjög viðkvæmum skjölum í næstum 8 ár. Segir í nýju verkefnayfirliti frá þjónustu- og nýsköpunarsviði (PON) „að stöðluð bréf til rafrænna sendinga hafi ekki verið til hjá borginni, heldur einungis verið til bréfsefni til útrentunar og póstsendinga en nú sé búið að þróa miðlæga lausn til að útbúa rafræn bréf á PDF sniðmáti og að uppgötvunarfasa verkefnis hafi verið að ljúka og þróunarfasi að hefjast“. Fulltrúi Flokks fólksins spyr, er þjónustu- og nýsköpunarsviði ekki kunnugt um að Barnavernd Reykjavíkur sem tilheyrir velferðarsviði, hafi viðhaft rafrænar undirskriftir skjala um 8 ára skeið? Hvað veldur þessum mismuni milli sviða/nefnda hjá borginni? En PON er enn í uppgötvunarfasanum eftir því sem fram kemur í verkefnayfirliti þeirra. Hér er aftur spurt, hefði ekki verið hægt að fara þá leið sem Barnaverndarnefndin fór, að kaupa tilbúna lausn?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 15. nóvember 2021.

**Svar:**

*Spurt er af hverju einföld lausn til þess að starfsfólk geti sent rafræn skjöl til undirritunar sé ekki komin fyrir löngu á allar deildir/svið borgarinnar?*

Heimild til rafrænar undirritunar kom fyrst inn í Stjórnsýslulög nr. 37/1993 með breytingarlögum nr. 51/2003 sem tóku gildi 20. mars 2003, sbr. núgildandi 38. gr. Það var svo með lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti sem öðluðust gildi þann 1. janúar 2020, að ákvæði eIDAS reglugerðarinnar, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðnum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB, voru innleidd í íslenskan rétt og veitt lagagildi. Ákvæði 38. gr. Stjórnsýslulaga var þá einnig uppfært til samræmis. Samkvæmt 38. gr. Stjórnsýslulaga er stjórnvaldi heimilt „að ákveða að rafræn undirskrift komi í stað eiginhandarundirskriftar“ þegar „sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn frá aðila eða stjórnvaldi séu undirrituð“.



Lausn til rafrænnar undirritunnar hefur ekki verið innleidd á allar deildir/svið Reykjavíkurborgar með almennum hætti þar sem þörfin þótti ekki aðkallandi og því taldist verkefnið ekki forgangsmál á sínum tíma. Neyðarástand af völdum COVID-19 farsóttar og þar með gjörbreyttur veruleiki kallaði hinsvegar á skjótar aðgerðir svo tryggja mætti starfshæfi og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn Reykjavíkurborgar.

Heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnalaga um framkvæmd fjarfunda sveitastjórna og nefnda, var veitt í mars 2020 af Samgöngu- og sveitastjórnarráðherra. Þá var í auglýsingu frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, fyrst nr. 230/2020, sem síðan var framlengd með nokkrum auglýsingum, gildandi auglýsing er nr. 1273/2021 sem gildir til 31. janúar 2022 sem birtar voru í Stjórnartíðindum, kveðið á um að sveitastjórnir hefðu heimild til að ákveða að staðfesting fundargerða sveitarstjórnar yrðu með öðrum hætti en mælt var fyrir um í 10. og 11. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, nr. 22/2013. Þá birti sama ráðuneyti í kjölfarið auglýsingu nr. 1181/2021 þar sem sveitastjórnarmanni sem setið hefur fjarfund, er heimilt að staðfesta fundargerð með rafrænni undirskrift sem uppfylla skal skilyrði laga um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001.

Samningur var undirritaður við *Dokobit* þann 15. maí 2020 um rafræna lausn til undirritunnar, að undangengnum samanburði lausna á markaði. Við tók tímabil þar sem lausnin var rekin af skrifstofu upplýsingatækniþjónustu og veittur var aðgangur að kerfinu á beiðnagrundvelli, þ.e.a.s. lausnin var ekki samþætt við innri kerfi borgarinnar og aðgangsstýring og umsýsla gagna því öll handvirk. Síðan þá hafa rúmlega 90 notendur fengið aðgang að lausninni og ríflega 5700 undirritanir hafa verið framkvæmdar rafrænt. Bryn þörf er því til staðar.

Með tímanum hafa tækifærin til notkunar á rafrænni undirritun einnig almennt orðið augljós fyrir starfsfólk borgarinnar. Verkefnatillaga þess efnis að innleiða rafrænar undirritanir með almennum hætti í borgarkerfið fór því fyrir verkefnaráð Þjónustu- og nýsköpunarsvið um mitt ár 2021 og var verkefnið samþykkt. Umfang verkefnisins er víðfemt og huga þarf að mörgum þáttum þegar lausn sem slík er innleidd í kerfi á borð við Reykjavíkurborg en m.a. þarf að samþætta slíka lausn við önnur kerfi s.s. aðgangsstýringarkerfi, skjalakerfi og fleira.

Greina þarf einnig m.a. í hvaða tilvikum Reykjavíkurborg er heimilt að ákveða að rafræn undirritun komi í stað eiginhandarundirskriftar svo að tryggt sé lögmæti slíkrar aðgerðar hverju sinni á grundvelli framangreindra réttarheimilda. Þessi vinna er í gangi. Í framhaldinu þarf síðan að gefa út leiðbeiningar um notkun slíkra undirritana til að tryggja fræðslu fyrir starfsmenn og tryggja m.a. innbyggða og sjálfgfena persónuvernd. Tryggja þarf að verkefnið byggji á lagalegum heimildum og horfa þar til stjórnarsýslulaga sem og laga um opinber skjalasöfn og rafræn skil.

*Spurt er um hvort þjónustu- og nýsköpunarsviði hafi ekki verið kunnugt um að Barnavernd Reykjavíkur sem tilheyrir velferðarsviði hafi viðhaft rafrænar undirritanir skjala um 8 ára skeið?*

Nei, Þjónustu- og nýsköpunarsviði var ekki kunnugt um notkun rafrænna undirritanna hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, þegar samningurinn við *Dokobit* var undirritaður á síðasta ári.



Samkvæmt upplýsingum frá Velferðarsviði hófust rafrænar undirritanir fundargerða Barnaverndarnefndar í byrjun árs 2016. Þá hófust rafrænar undirritanir úrskurða frá Barnaverndarnefnd árið 2019. Skrifstofa barnaverndar hóf almennt notkun á rafrænum undirritunum haustið 2020, eða á sama tíma og aðrar skrifstofur innan borgarkerfisins.

*Spurt er hvað veldur þessum mismuni milli sviða/nefnda hjá borginni?*

Þjónustu- og nýsköpunarsvið getur ekki svarað fyrir það af hverju ekki var haft samráð við skrifstofu upplýsingatækniþjónustu við innleiðingu á rafrænni undirritun hjá Barnaverndarnefnd. Að öðru leyti er vísað í svar hér að ofan.

*Spurt er hefði ekki verið hægt að fara þá leið sem Barnaverndarnefndin fór, að kaupa tilbúna lausn?*

Líkt og kemur fram hér að ofan þá hefur verið keypt lausn af markaði sem kallast Dokobit. Er sú lausn í innleiðingu og hefur nú farið í gegnum uppgötvunarfasa þar sem meðal annars var leitast við að svara spurningum og hvar, hvenær og í hvaða tilgangi ber að nýta slíka lausn, þvert yfir svið, skrifstofur og stofnanir borgarinnar.

Virðingafyllst,

Arna Ýr Sævarsdóttir  
Skrifstofustjóri Þjónustu og umbreytinga

Friðþjófur Bergmann  
Skrifstofustjóri Upplýsingatækniþjónustu